

Nd.

216. Nefndarállt

um frv. til laga um sveitabanka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál allitarlega, eftir því sem hún hefir haft tóm og aðstöðu til.

Eins og kunnugt er, hafa bændur saknað þess mikið að eiga ekki kost á meiri fjármunum til atvinnurekstrar síns en tíðkast hefir lengstum hingað til. Bankar þeir og peningastofnanir, er hjer á landi hafa starfað, hafa lengstum litlu

miðlað af rekstrarfje til bænda. Veldur vafalaust þar miklu nm fyrirkomulag peningastofnananna, en einuig eflaust fjárskortur þeirra. Er þó bændum bin mesta nauðsyn að eiga kost á, með ekki mjög erfiðu móti, að fá fjármuni í þessu skyni. Fyrir þessar sakir hafa viðskifti á marga lund verið þeim erfið og óhagstæð og hindrað þá í ýmsri framkvæmd í búnaðinnm. Þetta hafa margir fundið og viðnrkent, þó ekki hafi hjer til verið bót á því ráðin.

Á síðasta þingi var horið fram frv., er ætlað var að leysa þetta verkefni af hendi. Það náði ekki fram að ganga, eins og knnnugt er. Þetta frv. fjallar nm sama efni, og er nú ætlast til þess, að það verði til að greiða götn bænda-stjettarinnar í þessum efnm. Er vonandi, að svo giftusamlega takist, að með samþykkt þess verði bæudum landsins ljettari fótur í búnaði en verið hefir um alllangt skeið.

Ekki er með ölln unt að meta þetta mál án þess að skoða í sambandi við það frv. það, er vísað var til landbúnaðarnefndarinnar nm Landbúnaðarbanka Íslands. Eins og sjá má á þessu frumvarpi, er þessnm sveitabönkum ætlað fyrst og fremst að sækja fjárstyrk sinn til Landbúnaðarbankans, en jafnframt er þeim að vísu ætlað að veita móttöku sparifje og reka einnig með því útlánsstarfsemi.

Í frumvarpi nm Landbúnaðarbanka Íslands, 7. gr. 2. lið, er drepið á þær stofnanir, sem ætlast er til, að bankinn láni fje, til þess að þær geti lánað bændum út aftur eingöngu til árlegrar starfræksln sinnar. Ein af þeim stofnunm, sem þar er ráð fyrir gert, að verði til þess að útvega bændum fjármuni í þessu skyni, ern þessi lánsfjelög, sem frv. þetta (frumvarp til laga um sveitabanka) fjallar um.

Nefudin er öll sammála nm það, að rjett sje stefnt með því, að landbúnaðurinn fái út af fyrir sig sína sjerstökn peningastofnun. Hún telnr í alla staði mjög hyggilegt, að annari starfsemi sje ekki blandað þar inn í. Landbúnaðurinn hefir algera sjerstöðn í atvinnulífi þjóðarinnar. Er hann að vissu leyti enn sjerstæðari hjá oss en nokknrri annari menningarþjóð. Veldur því að mestu aðstada vor til þeirra þjóða, er landbúnaðarafurða vorra hafa þörf, en einnig það, hvað skamt vjer erum komnir í jarðrækt og verklegum búnaðarefnum. En ekki sist fyrir þessar sakir þnrfum vjer vernlegt fje til búrekstrarins, og þeir fjármunir verða að vera bunnðnr mikinn hlnta ársins. Það er þess vegna ekki hægt, að svo vöxn máli, að búast megi við því, að unt verði að velta oft á ári þeim krónnm, sem til búrekstrarins eru veittar. En það dregur ekki úr nauðsyn þeirra, nema síðnr sje.

Aðrar atvinnugreinar landsmanna (en búnaðurinn) hafa átt fremur kost á fjármnnnm til sinna þarfa. Peningastofnunm hefir fremnr litist að verja fjármnnnm sínum til annara þarfa, enda t. d. í sjávarútvegi miklu meiri hreyfing á peningunum en getur verið í landbúnaðinnm eins og enn er ástatt með hann hjer hjá oss. Í þeim farvegi hafa líka peningar landsmanna mest runnið, og skal hjer ekki fjölyrt nm það.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verðnr, er því lagt inn á nýja braut, landbúnaðinum til handa. Eftir þessn er bændum nú ætlað að fá allverulegt fje til að starfrækja búskap sinn. Það má meira að segja telja það stórfje, þegar

litið er á það, að þeir hafa að mestu verið rekstrarfjárlausir hingað til. Vonandi verður bændum þetta til hins mesta gagns, eins og til er ætlast.

Nefndinni er það ljóst, að bændum eins og öðrum eykst vandi á höndum, þegar þeir fara að starfa með verulegum fjármunum. Og eins og hiklaust má telja, að það verði bændum til þroska og eflingar, ef þeir gæta þess vanda, sem í því felst að fá fjeð og fara með það, eins gæti það orðið til tjóns, ef ekki er gætt góðrar varfærni í meðferð þess. En einmitt sakir þeirrar varfærni, sem nefndin vill hafa í þessu máli, þar sem allur þorri bænda er enn sem komið er algerlega óvanur að starfa með nokkrum verulegum fjármunum, vill nefndin nokkuð rífa seglin, eftir því sem til er ætlast í frv., og leggur til, að þessir sveitabankar reki ekki sparisjóðsstarfsemi.

Ef það sýnir sig með vaxandi reynslu og þekkingu, að betur myndu þessar stofnanir rækja hlutverk sitt og ná tilgangi sínum með því móti að reka sparisjóðsstarfsemi, er hægurinn hjá að breyta lögunum í það horf. Þegar að því ráði verður horfið, hafa menn öðlast reynslu og þekkingu umfram það, sem nú er um meðferð peninga, og þá er síður ástæða til að óttast óvarkarni í meðferð fjárens.

Með þessu er því vafalaust ekki miklu slept, þó að þessu ráði sje horfið nú, en ef til vill meira unnið en virðast kann í fljótu bragði.

Nefndin vill enga dul á það draga, að hún vantroystir því fullkomlega, nú fyrst um sinn, að ef þessi peningastarfsemi, sem ráð er fyrir gert í frv., yrði rekin viðsvegar nm land, að þá verði alstaðar gætt þeirrar varúðar, sem nauðsynleg er í slíkri starfsemi, svo ekki dragi það til ófarnaðar. Nefndinni er það að visu ljóst, að yrði þessum sveitabönkum leyfið sparisjóðsstarfsemi, þá myndi meira sje veitt til búnaðarstarfrækslunnar. En ef svo færi, að það leiddi til ógætilegrar meðferðar á peningunum, svo til vanskila leiddi að einhverju verulegu leyti, þá telur nefndin, að með því væri ver á stað farið en heima setið. Af því gæti hlotist fjárskortur fyr en varir til árlegrar starfrækslu búskaparins, ótrú á öryggi hans og hagsæld.

Nefndin vill að sinu leyti stuðla að því, að til slíkra tíðinda þurfi ekki að draga. Og einmitt fyrir þessar sakir ber hún fram þá tillögu, að e-liður 4. gr. falli niður. En þar sem nú með þessu móti starfsemi þessara stofnana (sveitabanka) er þrengri stakkur skorinn en ráð er fyrir gert í frv., þykir nefndinni betur fara, að þau fjelög, er menn mynda til að afla sjer þessa fjár samkvæmt þessum lögum, verði kölluð lánsfjelög. Virðist nefndinni það eiga betur við eftir verkefni þessa fjelagsskapar.

Eins og vikið er að hjer að framan, þá telur nefndin rjett, að þessi stofnun eigi að vera fyrir landbúnaðinn eingöngu. En sú er þó ein grein starfsemi hjer á þessu landi, sem nefndin telur sjer ekki fært að útiloka frá því að fá rekstrarlán úr þessari stofnun, þó ekki sje það starf landbúnaðarstarf, og það er smábátaútvegurinn. Nefndin vill ekki með öllu útiloka þá menn, er hann stunda utan kaupstaða, frá því að geta fengið rekstrarlán til starfa sinna. Reyndar viðurkennir nefndin það, að hún hefði helst kosið, að hægt hefði verið að benda þessum mönnum á að afla sjer peninga til starfa síns annarsstaðar en í þessari stofnun, en eins og sakir standa, þá er engin sú peningastofnun nú til, sem telur sjer sjerstaklega skylt að sinna erindum þeirra.

Smábátaútvegurinn er líka stundaður mest af þeim mönnum, er meira og minna stunda landbúnað jafnframt. Þeir hafa útvegin sjer til styrktar og stunda hann mikið eftir því, hvernig i ári lætur með gæftir og fiskigöngur. Þessum mönnum flestum er því engu auðveldara að afla sjer rekstrarláns en þeim bændum, er landbúnað stunda eingöngu. En þeir þorfa auðvitað alveg eins fjármuna við til sinna starfa. Nú hefir smábataútvegurinn oft og einatt verið landbúnaðinum til hius mesta gagns, og hann er því víða svo samfljettadur búnaðarstarfsemiinni, að þar verður ekki sundur greint. Margir bændur gætu því fengið sjer rekstrarlán, en notað það í þágu smábataútvegsins. Fyrir þessa sök þykir nefndinni betur fara og mikið hreinna, að heimilað sje að lána fje í þessu skyni, en þess sje stranglega gætt, að ekki sje lanað nema 4 þús. kr. á hvern bát i mesta lagi, þó margir sjeu bátseigendur. Lánin veitist aðeins þeim, sem enga fiskverslun stunda, og eingöngu til þeirra báta, er hafnar leita úr hverjum róðri (ekki útilegubáta) og hiklaust teljast því smábatar.

Ef varfærni er gætt, eiga þessi lán að vera alveg hættulaus eins og önnur rekstrarlán. Og nefndin verður að vona, að bankinn gæti i þessu efni sem öðrum hinnar mestu varfærni. Tveir nefndarmanna (L. H. og B. St.) hafa þó óbundið atkvæði um þetta atriði. Þó að ekki sje ætlast til þess, að þeir, er útveg stunda á smabátum i kaupstöðunum, fái rekstrarlán úr þessari stofnun, þá getur nefndin ekki sjeð, að þeim eigi að verða nein skotaskuld úr því að afla sjer rekstrarlána i hinum bönkunum eða útibúum þeirra. Þeir hafa vafalaust til þess nóg ráð. Enda munu þeir oft selja fiskinn jafnóðum og hann veiðist, og á þann hátt fá nóg fje.

Þá vill nefndin, að sparisjóðsdeild Landbúnaðarbankans hafi heimild til að lána beint til lánsfjelaganna, án annara milliliða (banka, bankaútibúa, samvinnukaupfjelaga o. s. frv.), ef þannig semst þeirra á milli. Getur nefndin ekki sjeð, að neitt mæli því á móti.

Þar sem nefndin leggur til, að þessi fjelög stundi enga sparisjóðsstarfsemi, verður að breyta ákvæðum 7. gr. fyrir þá sök lítið eitt. Auk þess sýnist nefndinni þess engin þörf, að þessi lánsfjelög fari að binda fje til langs tíma. Það á að vera verkefni Landbúnaðarbankans að lána fje til slíks.

Þess vegna vill nefndin ekki fallast á 2. málsg. 7. gr. og leggur til, að hún verði feld burt. Nefndin vill meira að segja leggja svo ríka áherslu á, að þetta fje verði ekki bundið, að hún flytur tillögu um, að hver einasti lánþegi greiði upp skuld sína að minsta kosti einu sinni á ári og verði skuldlaus á gjalddaga fjelagsins. En verði misbrestur á þessu, þá telur nefndin, að sá, er ekki heldur skuldbindingar sínar við fjelagið, verði að víkja úr því. Hið sama gildi og fyrir lánsfjelag gagnvart Landbúnaðarbankanum, ef það stendur ekki i skilum við hann. Nefndin flytur því breytingartillögu um að orða 7. gr. upp.

Þá telur nefndin, að lánsfjelagi og fjelögum þess sje mikið hagræði i því, að sú stofnun, sem það skiftir við, annist vaxtareikning hvers einstaks fjelagsmanns og fjelagsins i heild, og flytur þess vegna breytingartillögu við 8. gr. um þetta efni. Með þessu móti getur hver einstakur fjelagsmaður fengið vitneskju um, hvað viðskiftum sínum við fjelagið líður, og verður að álíta það heppilegt.

Ekki getur nefndin fallist á, að bændur fari að veðsetja framleiðslutæki

sín (verkfæri og áhöld), sbr. 14. gr., eða jarðarafurðir, t. d. hey, garðávexti eða þesskonar.

Nefndin vonar, að þó að veðsetning sje ekki lögboðin, þá þurfi það ekki að verða neinum manni til hindrunar eða standi honum fyrir þritum. Horfur eru á, að bændur geti veðsett jarðir sínar, hús og búpening allan (samkvæmt frv. um Landbúnaðarbanka, ef að lögum verður). Er þá nokkur goðgá, þó áhöld og bjargræði fólksins verði ekki hnept í veðfjötra? Þetta vill því nefndin fella úr frumvarpinu.

Þá flytur nefndin tillögu um að fella burt síðustu málsgrein 14. gr., þar sem ráðgert er að heimila lánsfjelögum lögtak fyrir öllum kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum. Þó að nefndin hafi síst af öllu löngun til að gera fjelög-unum erfiða innheimtuna, þá þykir henni óvarlegt að ganga inn á þessa braut með innheimtu slíkra gjalda. Er ekki sýnt, ef þessu væri óvægilega beitt, nema það gæti gert mönnum þungar búsisfar. Nefndin vill ekkert eiga á hættu með þetta og leggur til, að þetta verði felt úr frumvarpinu.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »landbúnaðarframleiðslu stunda« kemur: enn fremur til smábátaútsvegs bænda utan kaupstaða.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna »sveitabanka, sem stofnaðir« kemur: lánsfjelaga, sem stofnuð.

Alstaðar annarsstaðar í frumvarpinu, þar sem orðið »sveitabankia stendur, kemur í viðeigandi falli: lánsfjelag.
 - b. Aftan við fyrri málsg. bætist: Svo getur og sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til slíkra fjelaga.
3. Við 4. gr. E-liður fellur niður.
4. Við 5. gr. Aftan við fyrri málsg. bætist: Svo getur og sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til slíkra fjelaga.
5. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:

Lán þau, er fjelögin veita fjelagsmönnum sínum, mega vera reikningslán eða víxillán. Reikningslán má veita til 1 árs í senn, og greiðist þá að fullu ásamt áföllnum vöxtum á þeim gjalddaga, sem ákveðinn er í samþykktum fjelagsins. Vixillán veitast eigi til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengd lengur en svo, að víxillinn sje greiddur að fullu á hinum ákveðna gjalddaga fjelagsins. Hver fjelagsmaður sje skuldlaus einu sinni á ári, um gjalddaga þess. Fjelagsmaður, sem ekki stendur í skilum við fjelagið, skal vikja úr fjelaginu. Lánsfjelag, sem ekki stendur í skilum við lánsstofnunina, má svifta rekstrarláni næsta ár eða lengur, ef miklar sakir eru til.
6. Við 8. gr. 2. málsg. skal orða svo:

Stofnun sú, sem veitir fjelaginu lán, skal án sjerstaks endurgjalds halda reikning yfir reikningslánsviðskiftin við hvern einstakan fjelagsmann

og reikna út fyrir hvern gjalddaga vexti þá, er hverjum fjelagsmanni ber að greiða, en fjelagsstjórnin annast greiðslu vaxtanna í einu lagi.

7. Við 11. gr. Greinin fellur burt.
8. Við 14. gr.
 - a. Orðin »framleiðslutækja eða jarðarafurða« í 1. málsg. falla burt.
 - b. Fyrir »bankann« í niðurlagi sömu málsg. kemur: lánsfjelogið.
 - c. Síðasta málsg. fellur burt.
9. Á eftir 15. gr. kemur ný grein, er verður 16. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
10. Fyrirsögnina skal orða svo:
Frumvarp til laga um lánsfjelög.

Alþingi, 25. mars 1929.

Lárus Helgason,	Jörundur Brynjólfsson,	Einar Jónsson.
form.	fundaskr. og frsm.	
Bernh. Stefánsson.	Jón Sigurðsson.	